

Sjálf dauðir fiskar í fiskeldi eru skilgreindir sem aukaafurðir dýra sbr. 4. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Með reglugerð nr. 674/2017 var innleidd í íslenskan rétt Evrópureglugerð nr. 1069/2009/EB um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Þar er að finna ítarlegar reglur um þetta efni.

Aukaafurðir dýra eru flokkaðar í þrjá áhættuflokka skv. reglugerðinni. Efni í 1. flokki fela í sér mesta áhættu en efni í 3. flokki minnstu áhættuna sbr. 7. – 10. gr. reglugerðarinnar.

Í hvaða áhættuflokk falla lagardýr og afurðir þeirra?

Samkvæmt i-lið F-lið 9. gr. reglugerðar 1069/2009/EB falla dýr sem drepast á annan hátt en við slátrun í 2. áhættuflokk. Jafnframt kemur fram í I-lið 10. gr. reglugerðar nr. 1069/2009/EB að einungis lagardýr og afurðir þeirra sem ekki hafa sýnt nein merki um sjúkdóma sem geta borist í menn eða dýr megi skilgreina sem 3. áhættuflokk og fara þannig í vinnslustöðvar sem hafa leyfi til að taka við hráefni í 3. áhættuflokki. Eldisfiskur sem drepst á annan hátt en með slátrun eða drepst við óskilgreind skilyrði þannig að ekki sé hægt að útloka sjúkdóma sem geta borist í menn eða dýr skal flokka í 2. áhættuflokk aukaafurða dýra.

Niðurstaða

Samkvæmt ofangreindu er ekki heimilt að flokka sjálf dauðan fisk úr fiskeldi í 3. áhættuflokk vegna þess að dauðaorsök er ókunn og gæti verið merki um sjúkdóm sem smitast í menn eða dýr. Undantekning er ef fyrir liggur að fiskurinn hefur ekki drepist vegna sjúkdóma og fiskeldisfyrirtækið getur skjalfest það. Dæmi: Fiskur drepst vegna súrefnisskorts í kvíum eða áverka vegna vélrænnar meðhöndlunar á fiskinum, t.d. við varma-lúsahreinsun. Í slíkum tilvikum kemur til greina að flokka fiskinn í 3. áhættuflokk aukaafurða dýra. Ef fiskeldisfyrirtækið telur að mögulegt sé að flokka sjálf dauða fiskinn í 3. áhættuflokk þar sem hægt er að sýna fram á að hann hafi ekki drepist af völdum sjúkdóma, skal sækja um undanþágu til Matvælastofnunar í hvert sinn.

Nánari upplýsingar, skýringar og öll lög sem málið varðar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar.

Við eftirlit verður sérstök áhersla lögð á að farið sé að ofangreindum lögum og reglugerðum.